

Ed.

310. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskiveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

Frá sjávarútvegsnefndinni.

Nefndin hefir athugað frumvarpið, sem er stjórnarfrumvarp og að mestu samandregin eldri lagaákvæði um ýms atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, alt að 15 smál. að stærð.

Helstu nýmæli frumvarpsins eru þessi:

1. Að samþykktir megi ná til báta 20 lesta í stað 15 lesta.
2. Að kaupstöðum og kauptúnnum er heimilaður rjettur til að gera samþykkt út af fyrir sig.
3. Að samþykkt gildi að eins í 10 ár í senn.
4. Að heimilað er að ákveða talsvert hærra gjald í lendingarsjóð en áður.

Nefndin hefir ekki getað aðhýlst aðra aðalbreytingu, að kaupstaður eða kauptún hafi sjerstakan rjett til að gera samþykkt út af fyrir sig, einmitt með tilliti til þess, sem segir í athugasemdum stjórnarfrumv. við 1. gr., að fiskiveiðasamþykktir yfir höfuð sjeu miðaðar við fiskiskip, sem eru þannig staðbundin, að þau veiða að eins frá ákveðnum stað og einungis á ákveðnum fiskimiðum. Það liggur í augum uppi, að sömu reglur verða að gilda fyrir báta úr kaupstað eða kauptúni og fyrir báta úr veiðistöðum þar nálægt, ef þeir sækja sömu fiskimið; en þetta yrði ekki trygt ef kaupstaðurinn eða kauptúnið hefði rjett til að gera samþykkt út af fyrir sig. Nefndin getur heldur ekki sjeð, að þörf sje á því, að ákveða megi lendingarsjóðsgjaldið hærra en nú er orðið, en litur svo á, að slík heimild sje ekki alveg hættulaus fyrir minni bátana; hins vegar virðist ekkert vera athugavert við það, að hægt sje að miða gjald þetta við lestarrúm báts í staðinn fyrir við hlut af afla eða hundraðsgjald af afla, ef svo sýnist.

Þá sjer nefndin ekki ástæðu til, að nein sjerstök regla gildi um upp-
töku hákarls, en telur rjett að um upptöku hans fari sem um upptöku annars afla.

Loks hefir nefndin álitid, að betur færi á, að gerðar sjeu nokkrar orða-
breytingar á frumvarpinu, en vill að það nái að öðru leyti fram að ganga.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna »sem eru ... takmörkunum« komi:
sjeu þeir ekki stærri en 20 lestir með þeim takmörkum.
2. Við 2. gr. a) Í stað orðanna »ef hann er forfallaður nefndarmanna«
í forföllum hans einhver nefndarmanna.
b) Í stað orðanna »Þá á hann« komi:
ber honum.
c) Fyrir »ferðakostnað« komi:
ferðakostnaður.
d) Fyrir »sá kostnaður« komi:
hvorttveggja.
3. Við 3. gr. Orðin »kaupstaðir og kaupþún« til enda greinarinnar falli burt.
4. Við 4. gr. a) Fyrir »atkvæði og álit« komi:
álit og atkvæði.
b) Fyrir »breytingaratkvæði« komi:
breytingartillaga.
5. Við 5. gr. a) Fyrir »birting hennar,« komi:
birting hennar og.
b) Í staðinn fyrir orðin: »opnum skipum ... brutto lesta« komi:
bátum, sem samþykktin nær til.
6. Við 6. gr. a) Orðið »brutto« falli burt.
b) Fyrir orðin: »Það, er þarf til þess« komi:
með því.
7. Við 7. gr. Þriðja málsgrein orðist svo:
Lendingarsjóðsgjaldið má ákveða fyrir hverja vertíð alt að 2 kr.
af hlut, eða 2% af afla skipsins eða 3 kr. af lest í rúmmáli skips-
ins. Formaður o. s. frv.
8. Við 8. gr. Orðin: »Um hákarlaveiði« til enda greinarinnar falli burt.

Alþingi, 4. ágúst 1917.

Karl Einarsson,
formaður og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.

Kristinn Danielsson.